



# LAUFBLADID

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands

13. ágúst 2002 3. tölur kr. 499-

***Opinn skógur***

***Skógardagur á Siglufirði***

***Stórgjöf til Skógræktarfélags Íslands***



# SÍVINSÆLAR SKÓGARGÖNGUR

Skógræktarfélagin héldu áfram skógargöngum í sumar og haust. Göngurnar voru yfirleitt ágætlega sóttar og skiptust félagin á að skipuleggja þær. Skógargöngur skógræktarfélaganna eru hluti af fræðslusamstarfi við Búnaðarbanka Íslands.



## Skógarganga í Reykjanesbæ

Í skógargöngunni í Reykjanesbæ var leitað að hæsta trénu í bænum. Viða er þar að finna vöxtuleg tré, og er áberandi að sjá hve vel sitkagreni vex þarna. Hæsta tréð sem fannst í leiðangrinum var við Smáratún 5 og reyndist vera 12,7 metra hátt. Hér er göngufólk við tréð glæsilega. (Mynd JGP)

## Skógarganga í Hafnarfirði

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar skipulagði skemmtilega göngu um bæinn, þar sem skoðuð voru áhugaverð tré. Sitkagrenitréð í garðinum við Tjarnarbraut 17 reyndist sérstaklega áhugavert. Það er gróðursett árið 1950 og var fengið hjá Ingvari heitnum Gunnarssyni sem var með plöntusölu í Helligserði á sínum tíma. Gróðursett af núverandi ábúendum Kristni Guðjónssyni og Tony Möller. Hæð trésins var 17,80 m og ummál í brjósthæð 1,51 m. Er þar af leiðandi hæsta tré sem mælt hefur verið í Hafnarfirði fram að þessu! Á myndinni sést Kristinn framan við húsið og sitkagrenitréð ber við himin í baksýn.



## Skógarganga í Borgarnesi

Í skógargöngunni í Borgarnesi voru mæld og skoðuð vöxtuleg tré. Hér sjást þrjár forsprakkar göngunnar frá Skógræktarfélagi Borgarfjarðar, þeir Friðrik Aspelund, Örn Símonarson og Ragnar Olgeirsson. (Mynd JGP)



## Skógarganga í Hveragerði

Mikið er af áhugaverðum trjám í Hveragerði. Í göngunni var skoðaður hluti trjanna í bænum, en gangan var skipulögð af Kolbrúnu Þóru Oddsdóttur garðyrkjustjóra og Ingimar Magnússyni, formanni Skógræktarfélags Hveragerðis. Hér er göngufólk komið í skóginn undir Hamrinum. (Mynd JGP)

# SKÓGRÆKTARFÉLAGIÐ SKÓGFELL Í VOGUM EIGNAST HÁA BJALLA



Við Háa Bjalla. (Mynd BJ)

Nýverið var gengið frá því að Skógræktarfélagið Skógfell í Vogum eignaðist skógarreitinn undir Háa Bjalla ásamt samliggjandi landspíldu við Snorrastaðatjarnir. Félagið hafði lengst af umsjónarsamning um landið, en fékk það til eignar núna í haust.

Félagið er ungt að árum en með þessu hefur það fengið afar áhugavert og spennandi svæði til athafna. Skógarreitirinn undir Háa Bjalla er gamall og gætu elstu tré þar

verið frá því um 1950. Í Járnsíðu, spjaldskrá Skógræktarfélags Íslands, er getið um gróðursetningu 100 sitkagreniplantna árið 1949, 25 plantna árið 1950 og svo 1.500 plantna árið 1951.

Skógurinn undir Háa Bjalla er einn örfárra gamalla reita á Suðurnesjum sem sýna vel þá miklu möguleika sem fólgnir eru í trjárækt á svæðinu.



## LAUFBLAÐIÐ

Fréttablað Skógræktarfélags Íslands,  
11. árgangur, 3. tölublað 2002. Gefið  
út í 7000 eintökum.

Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra  
félagsmanna í skógræktarfélagunum. Með því  
að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð  
þú Laufblaðið og Frækornin send heim  
reglulega.

Útgefandi: Skógræktarfélag Íslands,

Ránargötu 18, 101 Reykjavík,

sími: 551-8150, heimasíða: [www.skog.is](http://www.skog.is),

netfang: [skogis.fel@simnet.is](mailto:skogis.fel@simnet.is)

Ritstjóri: Jón Geir Pétursson skógfræðingur,

netfang: [skogis.jgp@simnet.is](mailto:skogis.jgp@simnet.is)

Ábendingar og upplýsingar varðandi efni  
blaðsins eru vel þegnar.

Ábyrgðarmaður: Brynjólfur Jónsson  
framkvæmdastjóri.

Prentvinnsla: Viðey ehf.



Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á

aðalfundi 2002: Formaður Magnús

Jóhannesson, varaformaður Vignir Sveinsson,

gjaldkeri Sigríður Jóhannsdóttir, ritari Þorvaldur

S. Þorvaldsson, meðstjórnendur Guðbrandur

Brynjólfsson, Ólafía Jakobsdóttir, Þuríður

Yngvadóttir.

Varamenn: Hólmfríður Finnbogadóttir,

Vilhjálmur Lúðvíksson, Laufey Haraldsdóttir.

## Heimasíður skógræktarféлага

Skógræktarfélag Íslands, [www.skog.is](http://www.skog.is)

Skógræktarfélag Reykjavíkur,

[www.skograekt.is](http://www.skograekt.is)

Skógræktarfélag Stykkishólms,

[www.simnet.is/forest/](http://www.simnet.is/forest/)

Skógræktarfélag Eyfirðinga, [www.est/kjarni](http://www.est/kjarni)

Skógræktarfélag Garðabæjar,

[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

Nánari upplýsingar um skógræktarfélagin í

landinu og formenn þeirra er að finna á  
heimasíðu Skógræktarfélags Íslands.



	Hentugt jólátré	Sérhl.	Vænlegt jólátré	Eins	Þú getur ís. jóltré + Ávesti	Err	Vinsælt barr- helld jólátré
		Reið				Borða Á jótum áður	
Þarf í jólátrés- fótinn	Op + Óðöngum	Samhlj.			Kona Samhlj.		
Drykk		Aflifaði Op + Grenni- ist					
Köttur				Fljót í Evrópu			
Róna				Söng- kona			
Samhl. + Fleirtala				Kven- manns nafn			
Málm + Err				Einn Samhlj.		Eins Upp- hröpun	
Heimska							
	1	2	3	4	5	6	7
							8
							9
							10

### VERBLAUNAKROSSGÁTA LAUFBLAÐSINS 2002/2

Lausnarlösð síðustu gátu var "Kenaiskagi", enda þessa gátunnar Alaska. Dreigið hefur verið úr réttum  
lausnum. Vinningshafi er: Sigrún Guðjónsdóttir, Nesbakka 14, 740 Neskaupsstað. Hún á von á  
Frækornisöppu með öllum útkomnum Frækornum í póstinum. Réttar lausnir sendist til:  
Skógræktarfélag Íslands, c/o krossgátan, Ránargata 18, 101 Reykjavík. Ein vegleg verðlaun verða veitt  
að þessu sinni.

Einnig má benda á heimasíður Skógræktar

ríkisins, [www.skogur.is](http://www.skogur.is) og Landgræðslu

ríkisins, [www.land.is](http://www.land.is). Fyrir áhugasama má

einnig benda á heimasíður norrænu

skógræktarfélaganna. Noregur:

[www.skogselskapet.no](http://www.skogselskapet.no). Danmörk:

[www.skovforeningen.dk](http://www.skovforeningen.dk). Svíþjóð:

[www.forestry.se](http://www.forestry.se), Finnland: [www.smy.fi](http://www.smy.fi)

## Skógræktarritið

Skógræktarfélag Íslands hefur gefið út

Skógræktarritið: Ársrit Skógræktarfélags

Íslands óslitið síðan 1930. Blaðið er fullt af  
fróðlegu efni fyrir áhugasamt ræktunarfólk.

Núna er nýkomið út seinna tölublað ársins

2002. Hægt er að gerast áskrifandi að ritinu á

skrifstofu félagsins.

Einnig eru til eldri rit og er í boði sérstakt

pakkatilboð á þeim.

**Pakkatilboð 1. Ritíð 1995-2001 (10 rit) á kr. 10.000**

**Pakkatilboð 2. Ritíð 1989-2001 (15 rit) á kr. 14.000**



## Látið ekki Frækornin fjúka burt!

Þú getur eignast sérmerкта safnmöppu með  
öllum útkomnum Frækornum (núna 16 stk.).

Mappan kostar nú á sérstöku tilboði til  
félagsmanna fram til 1. febrúar. 2.900 kr.

(póstburðargjald innifalið). Pantu má möppuna  
á skrifstofu S.Í. og við sendum hana um hæll.



styrkja skógrækt á Íslandi



## FRÁBÆR ÁRANGUR VIÐ RÆKTUN ALDAMÓTASKOGA Á GADDSSTÖÐUM



Hér sjást tveggja ára alaskaaspir komnar í rúmlega 1 m hæð og í fullan vöxt á tveimur árum. Takið einnig eftir því hvernig svartur ægissandurinn hefur gróið upp. Búið er að planta í um 50 hektara lands á Gaddsstöðum. Á myndinni sjást fulltrúar Búnaðarbankans, Árni Tómasson bankastjóri, Gunnar Már Hauksson, Friðrik Halldórsson og Elin Sigfúsdóttir. (Mynd JGP)

Á afmælisári Skógræktarfélags Íslands, aldamótaárinu 2000, stóðu skógræktarfélagin fyrir umfangsmiklu gróðursetningarverkefni sem nefndist Aldamótaskógar. Gróðursettar voru trjáplöntur á fimm stöðum á landinu, ein fyrir hvern Íslending eða alls rúmlega 280.000 stk.

Framkvæmd Aldamótaskóganna var kostuð af Búnaðarbanka Íslands, en svo skemmtilega vill til að bankinn er jafnaldri Skógræktarfélags Íslands. Stuðningur bankans nýttist því til að kaupa trjáplöntur og skipuleggja framkvæmdina en skógræktarfé-

lögin í landinu sameinuðust um að gróðursetja þær.

Eitt þessara svæða er á Gaddsstöðum á Rangárvöllum. Þar var gróðursett í afar rýrt og sendið svæði, og þannig tvinnuð saman aðferðum landgræðslu og skógræktar. Skógræktarfélag fengu út-

hlutað landspildum til ræktunar, auk þess sem Skógræktarfélag Rangæinga annaðist töluverða gróðursetningu. Alls fóru í jörð á Gaddsstöðum um 150.000 trjáplöntur haustið 2000. Síðan hefur í tvígang verið borinn tilbúinn áburður á plönturnar í sandinum.

Það var því með töluverðri eftirvæntingu sem hópur fólks frá Skógræktarfélagi Íslands, Skógræktarfélagi Rangæinga og Búnaðarbankanum fór á vettvang nú í haust til þess að kynna sér aðstæður, tveimur árum eftir gróðursetninguna.

Ekki er hægt að segja annað en svæðið hafi gjörbreytt um svip. Sandarnir víðast hvar grónir upp og trjáplöntur að stingast upp úr sandinum svo langt sem augað eygði til allra handa. Eina undantekning frá því var melgresisfláki fyrir miðju svæðinu þar sem trjáplönturnar virtust hafa farið halloka í samkeppninni við melinn. Þó var mikið af þeim lif-

andi, en höfðu lítið vaxið. Nánast engin afföll voru sýnileg á birki og asparplöntum og þær yfirleitt komnar í mjög góðan vöxt. Greinilega er það áburðurinn sem skiptir sköpum í sandinum. Helst er að sjá að sitkagreniplöntur hafi orðið fyrir veðrunarskemmdum, en þó ekki drepist.

Árangur ræktunarinnar reyndist þannig vera langt framar björtustu vonum. Greinilegt er þó að áfram verður að bera á plönturnar í næringarsnauðum sandinum.



Árni Tómasson, bankastjóri Búnaðarbankans, og Sigríður Heiðmundsdóttir, formaður Skógræktarfélags Rangæinga, gróðursetja reyniviðarplöntu á Gaddsstöðum. (Mynd JGP)

## STÓRGJÖF TIL SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

### -Saurar í Miðfirði

Skógræktarfélagi Íslands barst nýverið stórgjöf. Fyrir 15 árum ákvað Þórdís Magnúsdóttir frá Saurum í Miðfirði að arfleiða Skógræktarfélag Íslands að jörðinni að sér genginni, með þeirri kvöð að þar skyldi stunduð skógrækt. Þórdís lést síðastliðinn vetur í hárrí elli. Hún bjó alla ævi á Saurum lengst af með bróður sínum, en dvaldi síðustu árin á dvalarheimilinu á Hvammstanga.

Jörðin Saurar er við vegamót Norðurlandsvegur og afleggjarans inn Miðfjörð að austanverðu. Margir vegfarendur hafa tekið eftir reisulegu íbúðarhúsinu sem blasir við beint af augum þegar ekið er norður brúna á Miðfjarðará.

Skógrækt hófst fyrir nokkru á jörðinni

og er eftirtektarvert að sjá góðan árangur hennar en Skógræktarfélag V-Húnvetninga hefur annast ræktunina. Sérstaklega hefur birki vaxið vel og eru hæstu tré nú um 2 m á hæð. Gefur það góð fyrirheit um frekara skógræktarstarf. Útbúið hefur verið bílastæði við veginn og skógurinn merktur „Disulundur“.

Stefnt er að því stunda skógrækt á jörðinni þar sem henta þykir. Gert verður skógræktarskipulag af landareigninni í sumar og verður hafist handa við að friða meira land. Fyrirhugað er að ganga frá samkomulagi um að Skógræktarfélag V-Húnvetninga annist skógræktarstarfið á Saurum.



Þórdís heitin Magnúsdóttir frá Saurum ásamt fulltrúum Skógræktarfélags Íslands og Skógræktarfélags V-Húnvetninga á góðri stundu árið 1995. (Mynd BJ)

Í framtíðinni mun vöxtulegur skógur vonandi vaxa sem víðast á jörðinni og verða þannig verðugur minnisvarði þess stórhugar sem fylgdi gjöf Þórdísar Magnúsdóttur til Skógræktarfélags Íslands.



# SKÓGARDAGUR Á SIGLUFIRÐI

Skógardagur 2002 var haldinn í Skarðsdal laugardaginn 10. ágúst. Í þetta sinn var sérstaklega minnst starfs brautryðjandans með því að opna með formlegum hætti „Jóhannslund“.



Anton V. Jóhannsson, formaður Skógræktarfélags Siglufjarðar, flytur ávarp á Skógardeginum.

Þegar Jóhann heitinn Þorvaldsson varð áttæður var hann gerður að heiðursfélagi í Skógræktarfélagi Íslands og fékk þá frá félaginu og Skógrækt ríkisins 80 greniplöntur. Þessum plöntum var komið fyrir ofarlega í Skarðsdalsreit og skyldi sá grenilundur bera nafn Jóhanns. Hér vaxa tré mjög hægt fyrstu árin, en nú eru hæstu tré í þessum reit um 2 m. Á skógardegi 2001 var það fastmælum bundið að opna „Jóhannslund“ með formlegum hætti á næsta skógardegi 2002. Gert var

bílastæði ofan skógræktar til að auðvelda aðgöngu og rudd gönguleið inn á litla flöt ofan lundarins sem hafði verið sléttuð og tyrfð.

Veðráttan hefur verið einstaklega óhagstæð í sumar vegna nær stöðugra rigninga svo það hafði dregist til hins síðasta að ljúka því sem til þurfti fyrir skógardaginn en tókst þó á síðustu stundu.


Skógardagurinn rann upp án rigningar sem hafði hrellt okkur langtímum saman - hinsvegar var nokkur vindur og ekki hlýtt. Formaður bauð gesti velkomna og þá sér í lagi börn og tengdabörn Jóhanns og Friðþóru sem öll voru mætt auk nokkurra barnabarna. Dagskráin hófst með einleik Sigurðar Hlökkverssonar á trompet en síðan afhjúpaði Sigríður Jóhannsdóttir útskorna brík sem ásamt tveim tréstólpum myndar inngang í Jóhannslund. Hún sagði síðan frá tilurð þessa skemmtilega útskurðarverks en það vann mágur Jóhanns, Friðgeir Jóhannsson frá Dalvík, þá áttæður. Hann var einnig mættur á skógardegi en um þetta verk höfðu þeir samið áður en Jóhann lést. Formaður fór svo nokkrum orðum um ræktunarstarf Jóhanns og þá þýðingu sem það hefur haft fyrir þann veruleika sem við blasir. Forseti bæjarstjórnar bar fram þakkir frá bæjarfélaginu fyrir ótrúlegt



Börn Jóhanns heitins mættu öll í opnun „Jóhannslundar“ á skógardeginum í sumar. Þau heita Freysteinn, Sigríður, Þorvaldur, Stefanía og Indriði. Fremstur til hægri er síðan mágur Jóhanns, Friðgeir Jóhannsson frá Dalvík, sem skar út bríkina.

afrek brautryðjandans og þökk til þeirra sem fylgdu því starfi eftir. Þá var gestum boðið upp á léttar veitingar og músíktrío spilaði létt lög. Þessum skógardegi, sem segja má að hafi tekist vonum framár, lauk síðan með gróðursetningu á 40 stæðilegum plöntum. Gestir á skógardegi voru 82.

Anton V. Jóhannsson  
formaður Skógræktarfélags Siglufjarðar





# STJÓRN SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS Á FERÐ UM AUSTURLAND

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur reglulega lagt land undir fót og kynnt sér starf aðildarfélaganna. Í byrjun ágúst fór hluti stjórnar félagsins í ferð um sunnanverða Austfirði og Fljótshérað. Fyrsti viðkomustaður var Stóra-Sandfelli í Skriðdal þar sem Jón Loftsson skógræktarstjóri tók á móti hópnum, en hann lagði á ráðin um skipulag ferðarinnar.

## 6

Meðfylgjandi myndir gefa innsýn í það sem bar fyrir augu þessa tvo fallegu daga sem stjórnin átti þar eystra. Fyrri dagurinn var notaður til þess að heimsækja skógræktarfélag á fjörðunum en sá síðari aðallega notaður til þess að kynna fjölbreyttu skógræktar- og rannsóknarstarfi á Héraði. Veðrið var með afbrigðum gott og móttökur og leiðsögn í alla staði frábærar. Svona ferðir eru gagnlegar fyrir margra hluta sakir. Stjórnin kynnist betur áhugastarfi aðildarfélaganna og árangri í rættunarstarfinu, og á sama hátt er gagnlegt fyrir stjórnir aðildarfélaganna að fá tækifæri til þess að sýna árangur og koma á framfæri óskum sínum og sjónarmiðum.



Fyrsti viðkomustaður á fjörðunum var Djúpvogur. Skógræktarfélag Djúpvogs er 50 ára á þessu ári og í tilefni þess færði Skógræktarfélag Íslands félaginu nokkrar sérvaldar trjáplöntur að gjöf sem heimamenn og gestir gróðursettu í sameiningu. Fremstar á myndinni eru t.v. Kristrún Gunnarsdóttir á Djúpvogi, buriður Yngvadóttir í stjórn Skógræktarfélags Íslands og Ragnhildur Garðarsdóttir form. Skógræktarfélags Djúpvogs. Á myndina vantar Önnu Sigrúnu Gunnlaugsdóttur ritara sem einnig var með hópnum þennan dag. Skógarriturinn á Djúpvogi er með skemmtilegustu skógarreitum á landinu en þar hefur verið unnið markvisst að bættu aðgengi undanfarin ár. (Mynd BJ)



Næsti viðkomustaður var Breiðdalsvík en þar hefur starf félagsins verið borið uppi af þríeyki sem hér má sjá á myndinni. Frá vinstri hjónin Jóhanna Sigurðardóttir, formaður Skógræktarfélags Breiðdæla, og Guðjón Sveinsson, því næst Magnús Jóhannesson, form. Skógræktarfélags Íslands, með græna húfu að afhenda bókgjöf og því næst Una Einarsdóttir sem nýlega fékk Landgræðsluverðlaunin og til hægri við hana er Jón skógræktarstjóri. Gífurlega mikið uppgræðslustarf hefur verið unnið á vegum þeirra þriggja fyrstnefndu undanfarin ár. Árangur af starfinu er framar björtustu vonum. (Mynd BJ)

Á Stöðvarfirði byggir félagið á gömlum merg. Þar er gamall skógarreitur, vísir að því sem koma skal. Undanfarin ár hefur verið gróðursett mikið á vegum Landgræðsluskógaverkefnisins umhverfis gamla skógarreitinn og ofan þorpsins. Tvær valkyrjur úr félaginu, þær t.v. Ingunn Arnardóttir og Linda Hugdís tóku á móti hópnum og sýndu þeim árangur af rættuninni undanfarin ár. Ekki var stjórninni gefið tækifæri til að þiggja veitingar hjá Lindu sem hafði bakað glæsilegar hnallþóður, enda tímaplanið strembið. Á næstu árum þarf félagið að leggja áherslu á áburðargjöf eldri gróðursetninga. Fallegt sitkæli hefst vel við á svæðinu. (Mynd BJ)



Á Fáskrúðsfirði tóku nýskipaður formaður Skógræktarfélags Fáskrúðsfjarðar, Grétar Arnþórsson, og sveitarstjórinn, Steinþór Pétursson, virkur félagsmaður, á móti stjórninni. Grétar í rauðum jakka en Steinþór lengst til hægri á myndinni. Hér hefur rættunarstarfið gengið vel og sérstaklega hefur lerki vaxið vel. Á síðustu árum hefur verið lögð meiri áhersla á rættun þess. Stór svæði ofan byggðarinnar og í hlíðum Sandfells eru að verða skógi vaxin. (Mynd BJ)



Þegar komið var á Eskifjörð var farið að bregða birtu og stjórn Sk. Íslands aðframbomin af hungri, því ekki hafði verið gefið færi á að matast frá því um morguninn. Ölver Guðnason, form. Skógræktarfélags Eskifjarðar, bjargaði stjórninni frá falli en þar á bæ leyndist harðfiskur, hákarl og smá tár sem varð mönnum til lífs. Reyndar lenti stjórnin í þeirri óþægilegu stöðu þegar ræktunarsvæði félagsins voru skimuð í húminu að sjá nokkrar ferfættar loðnar skepnur innan girðingar. Smalamennskan varð eftirminnileg og skyggð reyndar á það mikla ræktunarstarf sem unnið hefur verið að á Eskifirði. Því miður er stríðið við þessa óboðnu gesti allt of algengt og ætlar ekki að linna. Reyndar var brugðist skjótt við af stjórnendum bæjarins og léleg girðing endurbætt næstu daga. Á myndinni fæðma tvær þakklátar stjórnarkonur, þær Sigríður Jóhannsdóttir, og Þuríður Yngvadóttir bjargvættinn Ölver. (Mynd BJ)



Ásmundur Ásmundsson t.v., formaður Skógræktarfélags Reyðarfjarðar, segir Hólmfríði Finnbogadóttur frá ræktunarstarfinu en auk hans var móttökunefndin skipuð vaskri sveit félagsmanna. Á Reyðarfirði hefur verið unnið gríðarlega mikið skógræktarstarf undanfarin ár og líklega hvergi meira gróðursett á Austfjörðum en þar. Líklega eru skilyrði óvída eins góð, landið fjölbreytt og fallegt og á eftir að mynda fallegan kraga og fíkra sig inn í þorpið. Hér er einnig fyrirhugað að vinna að uppbyggingu Opins skógar á næsta ári. (Mynd BJ)



Á öðrum degi heimsóknarinnar var farið vítt og breitt um Fljótsdalshérað. Komið var við í Blöndalsbúð í Eyjólfsstaðaskógi, en þar á Skógræktarfélag Austurlands falleg og glæsileg húsakynni sem rekin eru af miklum myndarskap. Fjöldmenn sveit félagsmanna í skógræktarfélaginu var þar mætt og bauð félagið upp á veglegar veitingar. (Mynd BJ)



Í Hallormstaðaskógi fengu stjórnarmenn gott inngríp í stórt rannsóknarverkefni sem kallast SKÓGVIST þar sem ýmsar rannsóknastofnanir eru að vinna að rannsóknum á samspili skógræktar og umhverfis. Tilurð verkefnisins má segja að hafi spröttið í kjölfar umræðunnar um rjúpunu og aukna skógrækt. Á myndinni má sjá t.v. Bjarna Diðrik Sigurðsson skógvistfræðing á Mógilsá útlista fyrir Vilhjálm Lúðvíkssyni og fleiri stjórnarmönnum uppbyggingu verkefnisins. Margt fleira var boðið upp á þennan dag en því miður gefst ekki færi á að gera því öllu skil í þessu stutta yfirliti. (Mynd BJ)













# Langtímalán SPRON

– gerir hugmyndir  
þínar að veruleika

**Þjónustufulltrúar  
SPRON veita allar  
nánari upplýsingar  
um langtímalánin og  
reikna út greiðslu-  
dreifingu þína miðað  
við þínar forsendur**

Aðalsími SPRON  
**550 1200**

Þjónustuver SPRON  
**550 1400**

**SPRON** býður fasteignaveðtryggð lán sem veitt eru til langs tíma eða allt að 30 ára\*. Með því að taka eitt stórt langtímalán og borga upp ýmis skammtímalán eða óhagstæðar skuldir er hægt að léttu greiðslubyrðina verulega og koma þannig jafnvægi á fjármálin.

#### **Langtímalán hentar þeim vel sem vilja:**

- huga að fasteignakaupum
- byggja eða breyta
- greiða upp óhagstæð skammtímalán
- léttu greiðslubyrðina
- endurskipuleggja fjárhaginn
- koma garðinum í stand
- klára eldhúsið eða baðið
- gera allt ofantalið og meira til...

\*Útlán eru háð útlánareglum SPRON.

 **spron**





# VEL HEPPNAÐUR SKÓGARDAGUR Í SKILMANNAHREPPI

Skógræktarfélagin á Vesturlandi og Félag skógareigenda á Vesturlandi héldu nýlega sameiginlegan skógardag. Núna starfa níu skógræktarfélög á Vesturlandi og stunda fjölbreytt ræktunarstarf. Einnig er mikil gróska í skógræktarstarfi skógarbænda, sem starfa í verkefninu Vesturlandskógar.

Gestgjafi á skógardegnum var Skógræktarfélag Skilmannahrepps, en félagið er með ræktunarsvæði norðan við Akrafjall. Fjölmenni mætti í skóginn og var farið í skógar-



Fjölmargir tóku þátt í skógardegi skógræktarfélaganna og Félags skógareigenda á Vesturlandi. Hér eru þátttakendur í lok göngunnar. (Mynd JGP)

göngu undir leiðsögn Bjarna Þóroddssonar, Guðjóns Guðmundssonar og Odds Sigurðssonar frá Skógræktarfélagi Skilmannahrepps.

Skógræktarfélag Skilmannahrepps hefur stundað skógrækt á svæðinu um árabil með góðum árangri, sem blasir nú orðið við öllum vegfarendum. Ræktun hófst fyrir um hálfri öld, þegar sáð var birkifræi nærri félagshemilinu Fannahlíð. Þar er nú vaxinn úr grasi fallegur birkiskógur. Síðan hefur verið gróðursett mikið af trjáplöntum af ýmsum trjategundum, ekki síst undanfarin 15 ár. Félagið hefur byggt ágæta aðstöðu í skóginum og hyggst halda ræktunarstarfinu áfram af krafti.



Skógurinn er skáldum yrkisefni. Kristján H. Benediktsson frá Akureyri fór um skógarsvæði skógræktarfélags Skilmannahrepps, hreifst af svæðinu og orti þetta ljóð.

## STÓRFELLD SKÓGRÆKT HAFIN Á VATNSVERNDARSVÆÐUM VIÐ KAUPMANNAHÖFN

Í nóvemberhefti tímarits danska skógræktarfélagins, Skoven, er grein um efni sem vakti sérstaka athygli Laufblöðungs. Þar er fjallað um mikil áform um ræktun skóga umhverfis Kaupmannahöfn til þess að vernda grunnvatn á svæðinu, drykkjarvatn borgarúanna.

Stefnt er að því að rækta 2.600 hektara af skógum á næstu 30 árum á svæði umhverfis borgina, sérstaklega nærri þeim svæðum þar sem vatnslindirnar eru. Verkefnið er samstarf ríkis og sveitarfélagsins þar sem lagt er upp með að kaupa landið undir ræktunina og kosta framkvæmdirnar að hluta með sérstökum vatnsskatti, um 50 aurum DKR á hverja

**Stórfelld skógrækt á að tryggja Kaupmannarhafnarbúum hreint og ómengað drykkjarvatn til framtíðar. Gróðursetja á í um 2,600 hektara lands á næstu 30 árum samkvæmt sérstöku samkomulagi umhverfisráðherra Danmerkur og yfirvalda í Kaupmannahöfn. Myndin er tekin í dönskum beykiskógi á Sjálandi, en slíkir skógar munu væntanlega vaxa úr grasi til þess að vernda vatnsból Kaupmannarhafnarbúa. (Mynd JGP)**



1000 lítra vatns. Sérstakt samkomulag þar um var gert núna í haust milli umhverfisráðherra Danmerkur, Hans Chr. Schmidt og yfirmanns umhverfismála Kaupmannahafnar, Winnie Berndtson. Fylgdu þeir samningum úr hlaði með þeim óskum að þetta gæti vonandi orðið fordæmi fleiri sveitarfélaga í Danmörku.

Nú þegar er búið að gróðursetja beyki, rauðelri, kirsuberjatré, douglasgreni og norðmannspin á um 13 hektara lands.

Heimildir:  
Skoven, 11:2002 bls. 514, Skovforening.  
<http://www.skovognatur.dk/aktuelleemner/skovrejsning/samarbejde/default.htm>



KÓPAVOGUR



# FYRSTI „OPNI SKÓGURINN“ OPNAÐUR

## Samvinna Skógræktarfélags Íslands við fyrirtækin OLÍS og Alcan á Íslandi.



Skógræktarfélag Íslands hleypti af stokkunum nýju verkefni í sumar ásamt tveimur öflugum samstarfsaðilum, OLÍS og Alcan á Íslandi (ÍSAL), sem kallast „Opinn skógur“. Markmið þess er að vinna að bættu aðgengi almennings að skógum skógræktarfélaganna um landið.

Lagðir voru göngustígar víðs vegar um skóginn og á þá lagt trjákuril. Við aðalstíginn var komið upp vísi að trjásafti með merkingum á þeim trjátegundum, sem þar er að finna. Upplýsingaskilti var sett upp við innganginn á svæðið með korti af skóginum. Þar var einnig komið fyrir kassa með bæklingi fyrir gesti að taka með sér í skógargöngu. Einnig var sett upp grill og borð og bekkir í nokkrum rjóðrum. Útbúið var samkomurjóður í skóginum þar sem formlæg vígsla á verkefninu fór fram.



*Hitann og þungann af framkvæmdunum í Dani-elslundi bar formaður Skógræktarfélags Borgarfjarðar, Guðmundur Þorsteinsson. Hér er hann að ganga frá trjákurli í göngustígana. (Mynd JFG)*

Til þess að bæta aðkomuna að skóginum enn meira frá þjóðvegi eitt leitaði Skógræktarfélag Borgarfjarðar til Vegagerðarinnar um aðstoð við gerð nýs bílastæðis og áningarstaðar. Tókst ágæt samvinna þar um og var aðstaðan orðin ágæt núna í haust. Næsta sumar á síðan að ganga endan-

lega frá planinu og leggja á það slitlag.

Á sama hátt verður aðgengi almennings bætt í fleiri skóglendum skógræktarfélagum á næsta ári. Undirbúningur þess er hafinn í Tunguskógi, í Hrótey, Reyðarfirði, á Snæfoksstöðum og Sólbrekku.




*Guðni Ágústsson landbúnaðarráðgjafi felldi tré í Danielslundi, sem notað var til þess að útbúa skógarbekk. Hér hefur hann tyllt sér eftir átökin ásamt Magnúsi Jóhannessyni, formanni Skógræktarfélags Íslands, Helgu Friðriksdóttur frá OLÍS og Einari Guðmundssyni frá Alcan á Íslandi. (Mynd JFG)*

Í sumar var fyrsta svæðið formlaga opnað almenningi, en það var skógur Skógræktarfélags Borgarfjarðar í Danielslundi í Svignaskarði. Það var gert við hátíðlega athöfn að viðstöddu fjölmenni í tengslum við aðalfund Skógræktarfélags Íslands.

Í Danielslundi var unnið í sumar að því að bæta aðgengi fólks. Grisjað var í skóginum, bæði til þess að gera skóginn meira aðlaðandi fyrir fólk og einnig til að opna gönguleiðir.



*Margt er að skoða í skóginum. Í Danielslundi vex mikið af kóngssvepp, sem er einn ljúffengasti matsveppur sem til er. Hann myndar greinilega sambýli með sitkagreni. Þar vex einnig annar fallegur sveppur, sem ekki er ráðlegt að borða. Það er berserkjasveppur sem er auðþekktur á skærrauðum hattinum.*






# Axir eins og axir eiga að vera

Smíði og listsköpun þar sem viður úr íslenskum skógum kemur við sögu hefur notið vaxandi vinsælda undanfarin ár. Skógar Íslands eru á ný farnir að gefa af sér talsvert hráefni sem nýta má á marga vegu. Grófara efni úr beinvöxnum trjám, einkum barrtrjám, má nota til mannvirkjagerðar, ekki síst til ýmiskonar útítagagna í skóginum. Annað efni, fin-



gerðara og/eða óreglulegra í lögum er tilvalið að nota í handverk. Þar sem fjölbreyttur skógur og hagleikssmiðir koma saman skapast oft ótrúlegir gripir. Námskeiðin „að

lesa í skóginn og tálga í tré,“ sem haldin hafa verið víða um land, hafa ýtt undir þessa þróun.



Ekki spillir að hafa góð verkfæri ef tálga á í tré. Í Hafnarfirði, rétt hjá Fjarðarkaupum, er merkileg búð sem vel mætti kalla Mekka handverksmanna. Gylfi Eldjárn Sigurlinnason stendur fyrir rekstrinum og ber fyrirtekið nafn hans, Gylfi E. Sigurlinnason ehf. „Þetta hófst fyrir um fjórum árum með því að ég fór að selja skurðarjárn. Síðan hefur þetta undið upp á sig og úrvalið aukist. Ég reyni að hafa á boðstólum flest þau tæki og tól sem notuð eru við trésmíðar. Handverkið heldur fólki ungu, því er miður ef skera á niður þennan þátt í starfsemi eldri borgara. „Annars eru mínir viðskiptamenn á öllum aldri“, segir Gylfi

þegar tíóndamaður Laufblaðsins leit til hans.

Meðal þeirra verkfæra sem Gylfi selur eru úrvals handsmíðaðar axir frá Gränsfors Bruks AB í Svíþjóð. Verðið á þessum kjörgrípum ætti ekki að fæla neinn því þær eru lítið dýrari en fjöldaframleiddar axir. Axir þessar eru smíðaðar eftir aldagömlum venjum sem þróuðust í járnsmíðjum Norðurlanda fyrir iðnvæðingu. Hráefnið er sænskt hágæða smíðjustál marghert í eldi og í skaftið er notaður úrvals valhnetuviður frá Ameríku. Þær eru til í mörgum gerðum eftir því hvaða hlutverki þeim er ætlað. Má þar nefna skógarexi, kljúfexi, smíðæxi, tálgexi, veiðixi og kastexi. Gränsfors Bruks AB heldur úti fróðlegri heimasíðu, slóðin er: <http://www.gransfors.com>

Óhætt er að segja að mikill fengur er í verslun Gylfa hvort sem er fyrir handverks-, skógar- eða veiðimenn.

## MARGT BÝR Í MOLDINNI

### Tvær reynslusögur

Þegar gróðursettar eru skógarplöntur er margt að athuga. Hér eru myndir af tveimur trjáplöntum, sem segja hvor um sig stutta sögu sem ég held að geti verið áhugavert fyrir lesendur að kynna. Báðar eru dæmi úr vel



**Þessi lerkiplanta var gróðursett sem sumrungr, þ.e. haustið eftir sáningu í gróðrarstöð. Hún hefur vaxið vel og er með vel þroskað rôtarkerfi. Ef myndin til hægri prentast vel má sjá ljósleita sveppþæði. (Mynd JGP)**

lukkaðri skóg-rækt.

Þessi planta varð á vegi Laufblöðungs á Aldamótaskóga-



svæðinu í Reyk-

holti í Borgarfirði nú í sumar. Þetta er rússalerki úr gróðrarstöðinni Kjarna, Eyjafirði, gróðursett síðsumars árið 2000 og er því tveggja ára nú. Það sem vekur athygli er að þessi planta var gróðursett sem „sumrungr“

- þ.e. sáð var til hennar að vori í fp67 bakka og hún svo gróðursett 3 mánuðum síðar. Þessi ræktunaraðferð skilaði mjög góðum árangri og urðu lítil afföll. Sömu sögu er að segja frá Steinsstöðum í Skagafirði, þar sem mikið var sett niður af samskonar plöntum. Það sem örugglega hefur hjálpað upp á er að plönturnar eru með mjög vel þroskaða svepprót. Ef rýnt er í rótarhnausinn á myndinni er hægt að sjá greinilega (ef myndin prentast vel)

ljósleita sveppþæði sem umvefja

rótina. Greinilegt er að plönturnar eru vel smítaðar af svepprót.

Elriplantan á þessari mynd óx í skjóllausum mel á Landgræðsluskógasvæðinu á Ölfusvatni í Grafningi, líklega í um 150 m hæð. Þetta er sitkælrí, gróðursett árið 2000

úr fp40 bökkum. Forsenda þess að hægt að sé að rækta sitkælrí er að það sé smítað með Frankia rötarglerum. Það

myndar mjög greinileg hnýði á rötum plantna sem eru smítaðar. Sjáist engin hnýði á plöntunni eru allar líkur á því að hún sé ósmítuð og eigi því litla lífsvon eftir gróðursetningu. Árið 2000 voru afhentar plöntur úr gróðrarstöðinni Barra á Egilsstöðum, þar sem sitkælríð hafði

verið smítað með Frankia smiti, rækтуðu í vökvafasa. Afhentar voru um 50.000 plöntur og



**Elriplantan. Takið eftir rótarhnyðunum á myndinni til vinstri. (Mynd JGP)**

virtist nánast hver einasta vera vel smítuð. Hefur Laufblöðungur vitneskju



um góðan árangur úr þessari gróðursetningu um allt land. Ekki hefur tekist að endurtaka þetta svo vel sé og hefur því verið lítið framboð af elriplöntum undanfarin tvö ár. Núna er að undirlagi Skógræktar ríkisins verið að hleypa af stokkunum rannsóknaverkefni þar sem leitað er leiða til að gera smitun elriplantna örugga í gróðrarstöð.

# EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKTU ÚTGÁFU BLAÐSINS

## Reykjavík

ALTECH JHM hf  
Bílaeigan AKA  
Bílastjarnan  
Björn og Guðni sf  
Björn Traustason ehf  
Bændasamtök Íslands  
Dagvist barna  
Eignamiðlunin ehf  
Endurvinnslan hf  
Ferðaskrifstofa Íslands  
Feró sf  
Félag íslenskra  
hljómlistarmanna  
Forsætisráðuneytið  
Garðyrkjudeild. umhverfis- og  
heilbrigðisstofa Reykjavíkur  
Guðmundur Jónasson hf  
Hellusteypa JVVJ ehf  
Hugver ehf  
Iðnaðar- og  
viðskiptaráðuneytið  
Ísbú alþjóðaviðskipti ehf  
Ísól hf  
Ístak hf  
Johan Rönning hf  
Kjörgarður  
Landslag ehf  
Landvernd  
List og saga ehf  
Merking ehf  
Morgunblaðið  
Námsflokkar Reykjavíkur  
Rafmagnsveitur ríkisins  
Rafteikning hf  
Ríkisendurskoðun  
RST Net ehf  
Samgönguráðuneyti  
Samiðn  
Sláturfélag Suðurlands svf  
Slökkvilið  
Höfuðborgarsvæðisins bs  
Smith og Norland hf  
Sorpa.is

Teiknistofa Ingimundar  
Sveinssonar  
Tékk-Kristall hf  
Úti og inni sf  
Vélstjórafélag Íslands  
VSÓ Ráðgjöf ehf  
**Seltjarnarnes**  
Umhverfisnefnd Seltjarnarness  
**Kópavogur**  
Byggingafélagið Viðar ehf  
Byggingafélagið Viðar ehf  
Garðyrkja ehf  
Innviðir - Vald Berg  
Kambur ehf  
Verkfræðistofa Snorra  
Ingimarssonar ehf  
Verkfræðistofan Hamraborg  
**Keflavík**  
Reykjanesbær  
Sparisjóðurinn í Keflavík  
Tannlæknastofa Einars og  
Kristínar  
**Keflavíkurflugvöllur**  
Flugmálastjórn  
Keflavíkurflugvelli  
**Grindavík**  
Grindavíkurkaupstaður  
**Garður**  
Gerðahreppur  
**Njarðvík**  
Hitaveita Suðurnesja  
**Mosfellsbær**  
Búnaðarsamband  
Kjalarnesþings  
Reykjabúið hf  
**Akranes**  
Glerhöllin ehf  
Haraldur Böðvarsson hf  
Sementsverksmiðjan hf  
**Borgarnes**  
Borgarbyggð  
Bókhalds- og tölvupjónustan sf  
Framköllunarþjónustan ehf  
Hótel Borgarnes hf

Jörvi hf. vinnuvélar  
Landbúnaðarháskólinn  
**Ísafjörður**  
Ísafjarðarapótek  
Tækniþjónusta Vestfjarða ehf  
**Bolungarvík**  
Sparisjóður Bolungarvíkur  
**Patreksfjörður**  
Skógræktarfélag  
Patreksfjarðar  
**Tálknafjörður**  
Eik hf. trésmiðja  
Tálknafjarðarhreppur  
**Hólmavík**  
Búnaðarbanki Íslands  
**Skagatrönd**  
Rafmagnsverkstæðið  
Neistinn ehf  
**Sauðárkrókur**  
Friðrik Jónsson ehf  
Kaupfélag Skagfirðinga  
**Varmahlíð**  
Lambeyri ehf  
**Siglufjörður**  
Aðalbakarí sf  
Siglufjarðarkaupstaður  
**Akureyri**  
Arnarneshreppur  
Kjarnafæði hf  
Verkfræðistofan Raftákn hf  
Véla- og stálsmiðjan ehf  
**Grimsey**  
Grimseyjarhreppur  
**Dalvík**  
Daltré ehf  
Ferðapjónusta bænda Haga  
Hafnarsamlag Eyjafjarðar  
**Húsavík**  
Garðyrkjustjóri Húsavíkur  
Geiri Péturs ehf  
Knarrareyri ehf  
**Laugar**  
Ferðapjónustan Narfastöðum  
Þingeyjarsveit

## Kópasker

Fjallalamb hf  
Silfurstjarnan hf  
**Raufarhöfn**  
Hótel Norðurljós  
**Þórshöfn**  
Þórshafnarhreppur  
**Egilsstaðir**  
Ferðaskrifstofa Austurlands  
Héraðsskjalasafn Austfirðinga  
Hitaveita Egilsstaða og Fella  
Skógræktarfélag Austurlands  
Verkfræðistofa Austurlands ehf  
**Neskaupstaður**  
Tónspil  
**Höfn**  
Ferðapjónusta bænda Stafafelli  
**Selfoss**  
Borgarhús ehf  
Búnaðarfélag Biskupstungna  
Búnaðarsamband Suðurlands  
Guðmundur Tyrfingsson ehf  
**Hveragerði**  
Eldhestar ehf  
Reykjadalur hf  
**Þorlákshöfn**  
Jarðefnaiðnaður ehf  
**Laugarvatn**  
Verslunin H Sel  
**Flúðir**  
Flúðafiskur  
**Hella**  
Ásahreppur  
Lífeyrissjóður Rangæinga  
Rangárþing - Ytra  
Sæberg ehf bifreiðaverkstæði  
Vistheimilið Gunnarsholti  
**Kirkjubæjarklaustur**  
Hagur ehf  
**Vestmannaeyjar**  
Framhaldsskólinn í  
Vestmannaeyjum  
Vestmannaeyjabær

**SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS**  
**ÞAKKAR VEITTAN STUÐNING**

